

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Iceland

Tel (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja
Sigurður Smári Benónýsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja
Tangagötu 1
Pósthólf 340
902 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 7. mars 2006
Tilvísun: UST20060200141/sf

Deiliskipulag fyrir Vestmannaeyjaflugvöll

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vestmannaeyja dags. 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag fyrir Vestmannaeyjaflugvöll. Samkvæmt tillöggunni er gert ráð fyrir að breikka öryggissvæði meðfram flugbrautum. Sunnan við flugstöð og austan við flughlað er áætlaður 3000 m² byggingarreitur og stækkunaráform flughlaðs eru til vesturs frá núverandi plani. Ekki er gert ráð fyrir lengingu flugbrauta né stækkun flugvallarsvæðis.

Hluti þeirra framkvæmda sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir mun raska Helgafellshrauni sem er jarðmyndun (eldhraun) sem fellur undir undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jarðmyndanir sem þessar skulu njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.


Ingvar Atli Sigurðsson, forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands, skoðaði aðstæður á vettvangi þann 23. febrúar sl. Að mati hans er þrýstihryggur vestan við flughlaðið eina jarðmyndunin sem eftirsjá er af innan skilgreinds framkvæmdasvæðis, sbr. álitsgerð sem send var Vestmannaeyjabæ og Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 27. febrúar sl. Ekki er víst að farið verði í þann hluta framkvæmdanna sem raskar hryggnum strax en framkvæmdaraðili vill eiga þann möguleika inni þar sem líklega þurfi að stækka flughlaðið í nánustu framtíð, sbr. upplýsingar í fyrrgreindri álitsgerð.

Umhverfisstofnun telur að hlífa eigi framangreindri hraunmyndun (þrýstihrygg) við raski og útfæra framkvæmdir við flugvöllinn með tilliti til þess. Jafnframt telur stofnunin mikilvægt að gengið verði þannig frá skeringum og röskuðum svæðum að þau falli sem best að umhverfinu. Umhverfisstofnun telur æskilegt að haft verði samráð við forstöðumann Náttúrustofu Suðurlands um framkvæmdirnar.


U S T

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst



Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri



Helgi Jónsson
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.
Náttúrustofa Suðurlands, b.t. Ingvars Atla Sigurðssonar.